

Ár 2016, föstudaginn 2. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr. E-41/2016:

Elín Klein Thorsteinsson,  
Lilja Björk Arnardóttir,  
Hrafn Olgeir Gústafsson,  
Óli Jóhann Klein,  
Hulda Inger Klein Kristjánsson,  
Ágústa Pálina Klein,  
Jóhannes C. Klein,  
Rögnu Björg Arnardóttir,  
Kristján Ingi Úlfsson,  
Ragnhildur Magnúsdóttir og  
Sophus Klein Jóhannsson  
*(Ati Már Ingólfsson hdl.)*  
gegn  
Orrustuhól ehf.,  
Arion banka hf.,  
Litla Hofi ehf.,  
Ási 10 ehf.,  
Drífu Kristjánsdóttur,  
Björk Rúnarsdóttur,  
Guðmundi Gíslasyni,  
Hrafnhildi B. Björnsdóttur,  
Guðrúnu Hildi Hafsteinsdóttur,  
Guðmundi Óskari Bjarnasyni  
og til réttargæslu Birni Þorgrímssyni  
*(Guðjón Ármannsson hrl.)*

kveðinn upp svofelldur

#### ú r s k u r ð u r :

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefndu þann 10. október sl., er höfðað með stefnu birtri 9. og 10. febrúar 2015.

Stefnendur eru:

Elín Klein Thorsteinsson, Bandaríkjunum, Lilja Björk Arnardóttir, Stígprýði 1, 210 Garðabæ, Hrafn Olgeir Gústafsson, Danmörku, Óli Jóhann Klein, Hávegi 5,

200 Kópavogi, Hulda Inger Klein Kristjánsson, Hjallaseli 55, 109 Reykjavík, Ágústa Pálína Klein, Lúxemborg, Jóhannes C. Klein, Lækjarkinn 26, 220 Hafnarfirði, Ragna Björg Arnardóttir, Birkigrund 34, 800 Selfossi, Kristján Ingi Úlfsson, Ásgarði 12, 108 Reykjavík, Ragnhildur Magnúsdóttir, Lambhóli, 107 Reykjavík og Sophus Klein Jóhannsson, Bylgjubýggð 19, 625 Ólafsfirði, eigendur jarðarinnar Selsund, Rangárþingi ytra, landnr. 164552.

Stefndu eru:

Gunnar Jónsson, Hólahjalla 12, 200 Kópavogi, f.h. Orrustuhóls ehf., Suðurlandbraut 4, 108 Reykjavík, Birgitta Monica Caneman, f.h. Arion banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ingi Ingvarsson, Laugalind 4, 201 Kópavogi, f.h. Litla Hofa ehf., Laugalind 4, 201, Ólöf Ása Guðmundsdóttir, Fróðáþingi 6, 203 Kópavogi, f.h. Ás 10 ehf., Ármúla 19, 108 Reykjavík, Drífa Kristjánsdóttir, Búhamri 15, 900 Vestmannaeyjum, Björk Rúnarsdóttir og Guðmundur Gíslason, Selsundi, 851 Hellu, Hrafnhildur B. Björnsdóttir, Fagrabakka, 861 Hvolsvelli, Guðrún Hildur Hafsteinsdóttir, Brautarlandi 9, 108 Reykjavík, Guðmundur Óskar Bjarnason, Kórsölum 1, 201 Kópavogi, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, með starfsstöð að Arnarhvíli, Reykjavík fyrir hönd íslenska ríkisins og til réttargæslu Björn Þorgrímsson, Búhamri 15, 900 Vestmannaeyjum.

Gerð var dómsátt milli stefnenda og stefnda íslenska ríkisins og er sá stefndi úr sögunni.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að viðurkennt verði með dómi að landamerki jarðarinnar Selsunds, landnr. 164552 og eftirtaldrá lóða úr jörðinni Svínhaga, landnr. 164560, Rangárþingi ytra; Berangurs, landnr. 196037, Svínhaga landnr. 164560, L8, landnr. 218972, L8a, landnr. 222403, L7, landnr. 218971, SH-18, landnr. 218365, SH 16, landnr. 218363, SH-17, landnr. 218364, Svínhaga 3, landnr. 193880, Haukadals lóð 12, landnr. 186094, Haukadals land, landnr. 219699, SH-21, landnr. 220234, Kots, landnr. 164527 og Bolholts, landnr. 164475, séu eftirfarandi; úr Geldingabæli, hnit: x 448277,76 m, y 382220,69 m, þaðan í Illadý x 450877,70 m, y 383109,84 m og þaðan í Kanastaðabotna x 452119,90 m, y 384007,40 m, í samræmi við uppdrátt Sigurgeirs Skúlasonar, landfræðings, dags. 27.12.2015, sem fylgir stefnunni og telst hluti hennar.

Einnig er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi allra stefndu, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eða eftir mati dómsins.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndu krefjast þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefndu málskostnað að óskiptu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Stefndu krefjast þess til vara að vera sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að greiða óskipt stefndu málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

Fyrir uppkvaðningu úrskurðar var gætt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

### **Málavextir**

Stefnendur eru eigendur jarðarinnar Selsund, Rangárþingi ytra, landnr. 164552.

Stefndu eru eigendur landspilda úr landi jarðarinnar Svínhaga og landspildna úr landi jarðarinnar.

Um árabil hafa verið deilur milli annars vegar eigenda Selsunds og hins vegar Svínhaga og spildna úr þeirri jörð um landamerki milli jarðanna.

Þann 18. október 2010 féll í Héraðsdómi Suðurlands í málinu nr. E-189/2010, dómur um þessi umþrættu landamerki. Aðilar voru að mestu þeir sömu og í þessu máli, en þó ekki að fullu. Í báðum tilfellum er þó um að ræða eigendur Selsunds annars vegar og Svínhaga og spildna úr þeirri jörð hins vegar.

Í málinu nr. E-189/2010 dæmt um þær dómkröfur stefnenda að „viðurkennt verði með dómi að mörk jarðanna Selsunds annars vegar og Svínhaga, Berangurs, SH 16, SH 17, SH-18 og Svínhaga, smábýli, hins vegar milli punkta nr 1 og 3 samkvæmt uppdrætti á dómskjali nr. 3, séu eftir línu frá punkti 1, Geldingabæli, (hnit: 448278,25m, 382221,94m) í punkt B (hnit: 449040,13m, 382483,09m), þaðan í punkt H (hnit: 450866,58m, 383109,13m) punkt 2, Illadý (hnit: 450876,53m, 383112,54m), þaðan í punkt G (hnit: 450902,79m, 383131,46m) þaðan í punkt F (hnit: 450917,84m, 383142,30m) þaðan í punkt E (hnit: 451110,40m, 383281,06m) þaðan í punkt D (hnit: 451172,12m, 383325,54m) þaðan í punkt I (hnit: 451398,53m, 383488,67m) þaðan í punkt C (hnit: 451548,15m, 383596,48m) og þaðan í punkt 3, Kanastaðabotna, (hnit: 452138,08m, 384021,35m).“ Voru stefndu sýknaðir af kröfum stefnenda í málinu.

Dómkröfur stefnenda í þessu máli eru þær sem að ofan greinir.

Í landamerkjabréfi Svínhaga frá 4. maí 1886 segir um merki gagnvart Selsundi að þau séu frá Kanastaðabotnum „þaðan í Illadý, þaðan í Geldingabæli“.

Í lögfestu fyrir Selsund frá 3. júní 1789 segir um merki jarðarinnar segir: „úr Illadýi í Kanastaðabotna. Þaðan í þríhyrnda klett, þaðan í Stóraskógsbotna,

þaðan í fálkhamar þaðan í Geldingabæli, og so í illadí.“

Er þannig lína frá Geldingabæli í Kanastaðabotna, með viðkomu í Illadý, sú sem ræður merkjum milli jarðanna samkvæmt gögnum málsins og málatilbúnaði aðilanna. Er í raun ekki ágreiningur milli aðilanna hvar Geldingabæli og Kanastaðabotnar séu, en breyting á hnitsetningu þeirra merkistaða frá dómsmálinu frá 2010 til þessa dómsmáls af öðrum orsökum.

Um staðsetningu Illadýs eru aðilar hins vegar ekki á eitt sáttir og er það hin raunverulega deila.

Í fyrra dómsmáli frá árinu 2010 voru hnitsetningar Geldingabælis, Illadýs og Kanastaðabotna þannig að Geldingabæli var merkt með hnitunum 448278,25m, 382221,94, Illadý var merkt með hnitunum 450876,53m, 383112,54m og Kanastaðabotnar voru merktir með hnitunum 452138,08m, 384021,35m, en önnur hnit í dómkröfum stefnenda lágu á kröfulínunni og breyttu ekki legu hennar.

Í dómsmáli þessu eru hnitsetningar sömu merkja, þ.e. Geldingabælis, Illadýs og Kanastaðabotna þannig að Geldingabæli er merkt með hnitunum x 448277,76 m, y 382220,69m, Illadý er merkt með hnitunum x 450877,70 m, y 383109,84 m og Kanastaðabotnar eru merktir með hnitunum x 452119,90 m, y 384007,40 m.

Ekki var um það ágreiningur við munnlegan málf lutning um frávísunarkröfu stefndu að hinn raunverulegi ágreiningur væri um staðsetningu Illadýs.

Í greinargerð stefndu er því lýst að munurinn á hnitsetningu Illadýs frá hinu fyrra máli til þessa máls skeiki 1,17 metrum á annan veginn og 2,7 metrum á hinn veginn. Hefur því ekki verið mótmælt af stefnendum. Í báðum tilfellum er Illadý staðsett í dýi nokkru við árbakka, sem sjá má á myndum sem hafa verið lagðar fram í málinu. Kom fram við munnlegan málf lutning að umrætt dý væri aðeins nokkrir fermetrar og er það í samræmi við það sem sjá má á myndunum.

Samkvæmt þessu byggja stefnendur málatilbúnað sinn á því að Illadý sé staðsett í dýi því sem sjá má á ofangreindum myndum. Stefndu hafa á hinn bóginn haldið því fram að Illadý sé á allt öðrum stað svo skeikar miklu meiru en 1-3 metrum.

### **Málsástæður og lagarök stefnenda**

Í máli þessu byggja stefnendur á því að landamerki jarðarinnar Selsunds séu samkvæmt landamerkjalyðingu fyrir jörðina sem undirrituð var 25. apríl 1886

svohljóðandi skv. Landamerkjabók Rangárvallasýslu: „Úr Illadýi í Kanastaðabotna þaðan í Þríhyrndaklett, þaðan í Stóruskógarbotna, þaðan í Fálkhamar, þaðan í Geldingabæli og svo aptur í Illadý“. Undir lýsinguna ritar Ólafur Jónsson. Landamerkjalyásingin hafi verið upplesin og bókuð á manntalsþingi að Reyðarvatni 24. maí 1886 og innfærð í landamerkjabók Rangárvallasýslu No 22 og sé samhljóða þinglesinni og óátalinni lögfestu frá 3. júní 1789.

Landamerkjalyásing jarðarinnar Svínhaga sé undirrituð 4. maí 1885. Þar segi „Landamerki jarðarinnar Svínhaga í Rangarvallahreppi, hafa síðan mann til manna verið tali sem hér segir: Fyrst er varða vestan til á Höfðanum við Rangá, þaðan sjónhending í Kanastaðabotna, þaðan í Illadý, þaðan í Geldingabæli, þaðan sjónhending (i) hjá Járnlagsstaðabæjartóptum við Rangá, þaðan ræður áin í fyrstnefnda vörðu vestantil á Höfðanum“. Landamerkjalyásingin hafi verið upplesin og bókuð á manntalsþingi að Reyðarvatni 24. maí 1885 og innfærð í landamerkjabók Rangárvallasýslu No 25.

Landamerkjalyásing Svínhaga sé glögg og að fullu samræmanleg við landamerkjalyásingu Selsunds þar sem jarðirnar liggja saman. Í málinu sé byggt á því að dómkrafa og kröfulína stefnenda á korti Sigurgeirs Skúlasonar landfræðings, sem lögð hefur verið fram, sé í samræmi við ofangreindar landamerkjalyásingar.

Rúnar Gunnarsson, sem fæddur er 1948, hafi keypt ábúðarjörð sína, Svínhaga, af íslenska ríkinu með kaupsamningi dagsettum 17. apríl 2002 skv. kauprétti 38. gr. jarðalaga 65/1976. Eins og venja sé við slíkar sölu hjá ríkinu hafi verið gerð skoðunar og matsskýrsla við sölu þar sem jörðin hafi verið tekin út og metin og landamerki sýnd. Matsskýrsla Ríkiskaupa hafi síðar verið lögð til grundvallar við sölu Svínhaga og kynnt fyrir kaupanda og samþykkt. Í 2. tl. skýrslunnar segi „Meðfylgjandi kort frá Landgræðslu ríkisins sýnir landamerki jarðarinnar og mælt upp skv. kortinu þá er jörðin um 1230 ha. Engar deilur eru um landamerki og merkin skýrt afmörkuð“. Í 6. tl. skýrslunnar sé að finna tölur yfir stærð jarðarinnar og mat á gæðum landsins byggt á tilvitnuðu korti og út frá því og þeim stærðum sem þar komi fram sé kaupverð hennar fundið. Byggja stefnendur á því að jörðin Svínhagi hafi verið seld af íslenska ríkinu með þeim merkjum sem fram komi á korti Landgræðslunnar sem byggi á staðfestu örnefnakorti fyrir jörðina og hafi merkin verið samþykkt af kaupanda. Verði því að byggja á þeim merkjum eftir því sem þau séu útfærð skv. dómkröfunni.

Stefnendur kveða að í kaupsamningnum fyrir jörðina Svínhaga sé um landamerki vitnað til landamerkjaskrár Rangárvallasýslu. Þá komi fram í 2. gr. samningsins að jörðin og það sem henni fylgi sé selt í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætti sig við í alla staði. Afsal fyrir jörðina sé dagsett 22. maí 2002, en þar komi fram að jörðinni og því sem henni fylgir sé afsalað í því

ástandi sem hún var í við gerð kaupsamnings um jörðina. Um landamerki jarðarinnar vísast til landamerkjaskrár Rangárvallasýslu og hafi kaupandi kynnt sér merkin.

Sé ljóst að við sölu Svínhaga til Rúnars Gunnarssonar hafi það land sem hann hafi keypt verið mjög skýrt afmarkað á korti og af hans hálfu og seljanda hafi merkin verið sögð ágreiningslaus og gildi þau merki sem sett hafi verið niður af Landgræðslunni, skv. korti Ingólfs Einarssonar, eins og segi í kortinu um Svínhaga, eins og þau samræmist þinglýstum landamerkjálýsingum við nálægar jarðir. Við gerð kortsins hafi verið farið eftir landamerkjaskrá Rangárvallasýslu og kort gert af hinu afsalað landi eins og þáverandi eigandi jarðarinnar, íslenska ríkið og þáverandi ábúandi Rúnar Gunnarson hafi talið merkin vera. Þá liggi fyrir að ábúandinn hafi verið hafður hafður með í ráðum þegar kortið var gert.

Rúnar Gunnarsson hafi afsalað syni sínum Gretti Rúnarssyni jörðinni Svínhaga þann 23. maí 2002. Texti beggja afsala fyrir jörðina Svínhaga sé samhljóða og samþykki bæði Rúnar Gunnarsson og Grettir Rúnarsson sömu ágreiningslausu landamerkin. Fyrst Rúnar við kaupin af íslenska ríkinu og síðan Grettir við kaupin af föður sínum Rúnari.

Sé því ljóst að þeir sem leiði rétt sinn frá Rúnari Gunnarssyni geti á engan hátt átt annað land en það sem Rúnar hafi keypt af íslenska ríkinu árið 2002. Dómkrafa og kröfulína stefnenda miði við þau gögn sem hafi legið fyrir við sölu Svínhaga frá íslenska ríkinu. Þó hafi landamerkin verið skýrð betur og þau hnitasett nákvæmlega. Staðsetning Illadýs og Geldingabælis sé nánast sú sama og hafi verið við söluna frá íslenska ríkinu en stefnendur hafi hins vegar gefið eftir umtalsvert af landi Selsunds miðað við núverandi kröfulínu frá korti landgræðslunnar við söluna árið 2002. Sé ástæða þess leiðrétting sem gerð hafi verið vegna réttra landamerkja í Kanastaðabotnum.

Þau stefndu sem leiði rétt sinn til lands úr landi Svínhaga til ofangreindra kaupa Rúnars Gunnarssonar frá íslenska ríkinu og þeim landamerkjum sem þar eru tilgreind geti ekki með lögumætum hætti eignast land sem ekki hafi verið selt við söluna og ekki sem hafi ekki tilheyrt Svínhaga. Stefndu eigi því ekki annað land en það sem sannanlega hafi verið selt og réttilega verið innan landamerkja Svínhaga jarðarinnar áður en henni var skipt niður, samkvæmt meginreglu eignaréttar þar um, þ.e. afsalsgjafi geti ekki réttilega afsalað öðru en hann á.

Stefnendur byggja á því í máli þessu að stefndu hafi aldrei, á lögumætum hátt eignast það land sem nú sé innan kröfulínu stefnenda. Umrætt land sé og hafi verið innan þinglýstra landamerkja jarðarinnar Selsunds.

Stefnendur taka fram að dómkrafa og kröfulína stefnenda gagnvart íslenska ríkinu sem eiganda Bolholts og Kots um viðurkenningu á réttum landamerkjapunkti

fyrir Geldingabæli sem hornmarki fyrir jarðirnar Selsund, Svínhaga, Bolholt og Kot sé ágreiningslaus hvað varðar íslenska ríkið.

Þá taka stefnendur fram að hvað varðar dómkröfu um viðurkenningu á réttum landamerkjapunkti fyrir Kanastaðabotna, að til staðar sé undirritað samkomulag milli þeirra landeiganda sem þá hafi átt land að Kanastaðabotnum, en því hafi verið vísað frá þinglýsingu á sínum tíma þar sem það hafi ekki verið réttilega undirritað.

Stefnendur byggja ennfremur á því að öll eldri gögn og kort styðji núverandi landamerkjakröfu. Af gögnunum megi m.a ráða að Illadý sé ekki á þeim stað sem núverandi girðing milli jarðanna miði við. Byggja stefnendur á því að fyrir útskiptingu lóða til stefndu og allt til þess að Grettir Rúnarsson hafi reist girðingu milli Selsunds og Svínhaga hafi ekki staðið deilur um landamerki jarðanna og hafi þau verið eða átt að vera öllum kunn.

Ljóst sé af dómi Héraðsdóms Suðurlands nr. E-189/2010 að ekkert samkomulag sé í gildi um að núverandi girðing sé landamerkjagirðing enda hafi samkomulagið verið ógilt í ofangreindum dómi. Gildi því þinglýst merki jarðanna og séu þau í samræmi við viðurkenningarkröfu máls þessa. Stefndu í héraðsdómsmáli nr E-189/2010 hafi verið fullkunnugt um að ekki hafi verið kveðinn upp efnisdómur um landamerki jarðanna og í raun kveðið upp úr um það að núverandi girðing sé ekki landamerkjagirðing.

Stefnendur byggja á því að við úrlausn héraðsdómsmáls nr. E-189/2010 sé ljóst að ekki hafi verið lagt fram kort eða matsskýrsla sem gerð hafi verið við sölu Svínhaga frá íslenska ríkinu árið 2002, sem sýndi afmörkun landsins og forsendur sölunnar. Hafi héraðsdómur því ekki haft þau gögn til skoðunar þegar hann hafi komist að niðurstöðu sinni. Eigendum Selsunds hafi þá ekki verið kunnugt um ofangreind sölugögn sem nú þeir hafi nú fengið. Telja stefndu að hefði svo verið hefði niðurstaða héraðsdóms verið önnur. Augljóst sé að um grundvallargögn hvað varðar landamerki Svínhaga sé að ræða. Ekki liggi fyrir hvers vegna gögnin hafi ekki verið lögð fram.

Þá kveðast stefnendur ennfremur vísa til þess að staðsetning Illadýs, sem sé mikilvægt örnefni fyrir landamerki Selsunds og Svínhaga á þeim stað sem stefnendur haldi fram, sé studd fjölmörgum gögnum. Í vettvangsferð árið 2004 hafi staðkunnugur maður Ásgeir Auðunsson staðsett Illadý á þann hátt að staðsetningin fái fullkomlega samrýmst dómkröfu þessa máls. Hafi Ásgeir sett niður stiku á umræddan stað og undirritað hann yfirlýsingu og merkt á örnefnakort af Svínhaga. Byggja stefnendur á því í þessu sambandi að yfirlýsingar sem lagðar hafi verið fram í máli nr. E189/2010 séu rangar og að engu hafandi þar sem tengsl þeirra sem gáfu yfirlýsingarnar við stefndu í því máli séu augljós.

Þá kveða stefnendur að örnefnauppdráttur Ingólfs Einarssonar, fyrir jörðina Svínhaga, sýni svo ekki verði um villst hvar rétt staðsetning Illadýs er. Sé sú staðsetning í fullu samræmi við kröfulínu og dómkröfur stefnenda. Á korti Ingólfs Einarssonar sé þess getið að um mjög lauslegan örnefnauppdrátt sé að ræða eftir flugmyndum en engum mælingum. Það breyti þó ekki þeirri staðreynd að Illadý sé eina örnefnið sem nákvæmlega sé merkt með pílu. Kortið sé undirritað af Ingólfi og fullfrágengið örnefnakort og hafi hann unnið kortið með stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins á árunum 1983-1990. Ingólfur hafi verið landsþekktur og ábyggilegur fræðimaður á þessu sviði. Heimildarmenn Ingólfs Einarssonar séu jafnframt traustir enda fæddir og uppaldir í Svínhaga. Við sölu Svínhaga árið 2002 hafi kort Landgræðslu ríkisins byggt á ofangreindu örnefnakorti og sýnt landamerki Svínhaga. Við þá sölu hafi þáverandi ábúandi og kaupandi Svínhaga ekkert haft við landamerkin að athuga. Hljóti örnefnakort Ingólfs að hafa legið fyrir við þá sölu, enda sé vísað í það í sjálfu kortinu.

Þá byggja stefnendur á því að örnefnakort Ingólfs Einarssonar af Selsundi sýni enn fremur staðsetningu á Illadýi svo samræmist dómkröfum þessa máls. Staðsetning Illadýs á því korti sé þó ekki eins nákvæm og glögglega merkt eins og á Svínhagakortinu, enda um óklárað vinnukort að ræða. Illadý sé þar merkt við það nes sem stefnendur telji að það sé á, en ekki sé nákvæmlega bent á það með ör eða pílu eins og á Svínhagakortinu. Staðsetningin á kortinu taki hins vegar af allan vafa um það að Illadý sé ekki á Yfirsetutanga. Við skoðun á örnefnakortinu af Selsundi megi þó jafnframt sjá að landamerkjálínan sé dregin í gegnum þann tanga eða nes sem Illadý sé réttilega staðsett á. Kortið styðji ljóslega kröfur stefnenda í málinu, enda skýrt og greinilegt að Yfirsetutangi tilheyri Selsundi, eins og ávallt hafi verið.

Stefnendur vísa til þess að að kort Landgræðslunnar sem gert hafi verið við sölu Svínhaga frá íslenska ríkinu til Rúnars Gunnarssonar þann 14. apríl 2002 styðji viðurkenningarkröfu stefnenda í málinu og sýni glögglega að Yfirsetutangi tilheyri Selsundi og staðsetningu Illadýs. Kortið hafi legið til grundvallar við sölu Svínhaga og hafi verið notað við mælingar og mat á landi jarðarinnar. Söluverð Svínhaga hafi byggt á þeim mælingum. Það liggur því fyrir það landsvæði sem nú sé deilt um hafi ekki verið innan merkja jarðarinnar við matið og ekki verið greitt fyrir það við kaup Svínhaga. Þau stefndu sem leiði rétt sinn frá ofangreindum kaupum geti ekki á lögmætan hátt hafa öðlast eignaréttindi yfir landi sem hvorki hafi tilheyrt Svínhaga né verið keypt eða greitt fyrir.

Stefnendur hafi óskað eftir því við Landgræðsluna að kortið sem gert var við sölu væri uppfært með þeim hnitum sem að baki kortinu liggja ásamt því að þau örnefni sem um er getið í landamerkjálýsingu og stuðst var við við sölu væru innfærð. Á hinu uppfærða og nákvæmara korti sem byggt sé á eldra korti, megi

glöggt sjá að kröfulína stefnenda nú sé nánast samhljóða hinu uppfærða korti. Þá sé Illadý rétt merkt á korti Landgræðslunnar.

Þá kveðast stefnendur vísa til Fornleifaskráningar í Rangárþingi ytra, áfangaskýrslu 1, frá árinu 2008. Landamerki Selsunds og staðsetning Illadýs sem landamerkjapunkts séu þar að miklu leyti sýnd í samræmi við dómkröfu stefnenda. Heimildarmenn í þessari skýrslu séu meðal annarra Sverrir Haraldsson, Grettir Rúnarsson og Ásgeir Auðunsson. Ekki séu gerðar neinar athugasemdir við staðsetningar örnefna í þessari skýrslu af neinum ofantöldum, né heldur séu gerðar athugasemdir við notkun korta Ingólfs Einarssonar.

Sé ljóst að við vinnu þeirra við staðsetningu örnefna hafi ofanritaðir heimildarmenn haft til skoðunar þau landamerkjakort og örnefnakort sem í skýrslunni séu, en ekki gert athugasemdir við þau. Það sé óhugsandi að ofangreindir aðilar hafi tekið þátt í umræddri vinnu án þess að gera athugasemdir ef þeir teldu staðsetningu Illadýs ranga í þeim gögnum sem unnið var með.

Byggja stefnendur m.a. á því að með athafnaleyfi hafi fyrri eigendur Svínhaga ávallt í raun viðurkennt hver séu rétt merki Selsunds og Svínhaga og hvar örnefni séu rétt staðsett. Liggi fyrir að örnefnakort Ingólfs Einarssonar fyrir Svínhaga sé fullfrágengið kort og ekki vinnukort, eins og kort hans af Selsundi. Staðsetning Illadýs sé nákvæmlega merkt inn á örnefnakort Svínhaga og merki jarðarinnar skýr.

Þá vísa stefnendur til þess að Sverrir Haraldsson, ábúandi á Selsundi hafi skrásett örnefni í landi Selsunds og tilgreini þar réttilega örnefnið Yfirsetutanga í landi Selsunds.

Yfirsetutanga sé hins vegar hvergi getið í örnefnalýsingu Örnefnastofnunar fyrir Svínhaga, eðlilega þar sem hann liggi öndverðu megin við Selsundslækinn innan landamerkja Selsunds. Í örnefnalýsingu Ólafs Jóhannssonar frá Koti komi einnig fram að Yfirsetutangi sé í landi Selsunds. Það sé stefnendum óskiljanlegt hvernig landsvæði sem öllum hafi verið kunnugt að hafi tilheyrt jörð þeirra frá öndverðu sé skyndilega komið innan landamerkja lendna stefndu. Byggja stefnendur því enn fremur á því í máli þessu að löng hefð sé fyrir því að Yfirsetutangi tilheyri Selsundi.

Samkvæmt skýrslu Fornleifastofnunar Íslands muni vera stekkur ofan við Yfirsetutanga í landi Selsunds. Sé hann í tengslum við hlutverk Yfirsetutanga þegar hann hafi verið notaður við fráfarur í órjúfanlegum tengslum við stekkin. Styðji því gögn fornleifafræðinnar, örnefnafræðinnar og sagnfræðinnar öll að Yfirsetutangi tilheyri Selsundi, enda sé landfræðilega ómögulegt að Yfirsetutangi tilheyri Svínhaga. Til viðbótar væri afar vanhugsað að setja fé á tanga sem hefði að geyma banvænt dý, svo ekki geti Illadý verið staðsett á Yfirsetutanganum sjálfum.

Hafi og staðkunnugir menn, m.a. Bogi Thorarensen, borið fyrir dómi að Yfirsetutangi hefði alltaf tilheyrt Selsundi. Hafi einnig komið fram hjá Sæmundi Runólfssyni frá Selsundi að hann hafi setið yfir fráfærum við Yfirsetutanga um aldamótin 1900.

Stefnendur byggja á því að við samlestur örnefnalýsinga fyrir Svínhaga og Selsund megi sjá að þær fái fullkomlega samrýmst viðurkenningarkröfu máls þessa. Sú lína sem í dag sé að mati stefndu talin marka landamerki jarðanna geri það hins vegar ekki og fái ekki staðist sem rétt landamerki.

Í örnefnalýsingu fyrir Svínhaga segir „Í mörkum Svínhaga og Selsunds eru Miðkrókar (29) og eru Vestur-Krókar (30) vestur af þeim. Krókarnir eru sundurskornar grastorfur, sem hafa áður verið samvaxnar. Fyrir vestan þá er Krókahraunið (31), líflítið og gróðursnautt. Í Markhól voru mörkin fyrrum milli Selsunds, Svínhaga og Kots, en nú eru þau talin í Krókunum“. Stefnendur byggja á því að jafnvel þó notast væri við þessa lýsingu á merkjum jarðanna þá samræmist hún viðurkenningarkröfu málsins. Af korti Ingólfs Einarssonar fyrir Selsund megi glögglega sjá hvar landamerkjalinna Svínhaga og Selsunds gangi í gegnum Miðkróka og þaðan í Illadý.

Stefnendur vísa enn fremur í kort frá árinu 1983, frá byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, en það sýni Illadý í samræmi við dómkröfur stefnenda. Stefnendum sé ekki kunnugt um það hvaða upplýsingar liggi að baki korti Rangárþings ytra. Megi hins vegar draga þá ályktun að þarna sé einfaldlega um að ræða landamerki sem hafi átt að vera kunnug þeim sem til þekkja þ.m.t. Rangárþingi ytra sem fari með skipulagsvald á svæðinu.

Stefnendur kveða að á öllum þeim kortagögnum sem fundist hafi, sé Illadý á þeim stað sem samræmist dómkröfu máls þessa. Engin kortagögn hafi fundist, gerð fyrir árið 2003, án aðkomu eigenda Svínhaga, sem bendi til þess að Illadý sé staðsett á þeim stað sem sé miðað við, við afmörkun lands stefndu við kaup á lóðum úr landi Svínhaga.

Í tilvitnuðum dómi Héraðsdóms Suðurlands nr. E-189/2010 hafi stefndu verið sýknaðir af dómkröfu stefnenda um viðurkenningu á tilgreindum merkjum jarðarinnar Selsunds annars vegar og Svínhaga og tilgreindra lóða hins vegar. Í dómnum hafi enn fremur verið viðurkennt að samkomulag um girðingu, sem legið hafi fyrir í málinu, væri ekki skuldbindandi fyrir eigendur Selsunds hvað varðaði landamerki Svínhaga og Selsunds og staðsetningu Illadýs. Eftir niðurstöðu dómsins og þar sem hann hafi ekki kveðið upp úr um ágreining aðila þrátt fyrir að dómurinn féllist á að ekki væri ágreiningur um tvö af þremur nafngreindum örnefnum sem viðurkenningarkrafan laut að, séu landamerki á svæðinu enn óljós.

Stefnendur kveðast hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um rétt merki jarðar sinnar við aðliggjandi lönd og að efnisdómur verði felldur um landamerki jarðar þeirra. Í máli þessu sé málsgrundvöllur, málsástæður og málsatvik mjög verulega frábrugðin fyrri máli. Í málinu sé aðallega byggt á nýjum málsástæðum sem ekki komi fram í máli nr. E-189/2010, þar sem úttekt Ríkiskaupa á Svínhaga og kort Landgræðslu ríkisins af jörðinni sem afmarki hið selda land, hafi ekki legi fyrir og hafi þau ekki verið stefnendum kunn. Ljóst sé að orðalag dómkröfu um viðurkenningu á landamerkjum verði að vera með ákveðnum hætti ef dómkrafan eigi að vera grundvöllur niðurstöðu máls. Það að dómkrafa sé svipuð og dómkrafa sem höfð hefur verið uppi í öðru máli komi eitt og sér ekki í veg fyrir að landamerkjamáli verði höfðað að nýju þegar ný gögn og málsástæður koma fram og sé það ekki í andstöðu við 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála þegar svo hátti til sem í máli þessu. Stefnendur byggja á því, hvað varðar Res Judicata áhrif, að við mat á því hvort um slíkt sé að ræða verði ávallt að skoða kröfuna sjálfa, málsgrundvöllinn, málsatvikin og málsástæðurnar í heild sinni. Sem í máli þessu leiði til þeirrar niðurstöðu að sakarefni máls þessa hafi ekki komið til dóms áður. Ennfremur er vísað til þess að ef komist væri að þeirri niðurstöðu að um Res Judicata áhrif væri að ræða væri þar með komið í veg fyrir að landamerki á svæðinu fengjust staðfest fyrir dómi og þar með mikilsverð stjórnarskrárbundin réttindi höfð af eigendum viðkomandi fasteignar.

Auk framangreindra lagatilvísana og málsástæðna, vísa stefnendur máli sínu til stuðnings til 2. mgr. 25. gr. og d-liðar 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um rétt sinn til að fá dóm um viðurkenningu á réttindum sínum. Vísað er til 70. gr. laga nr. 33/1944. Byggja stefnendur á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar og hefðarlaga nr. 46/1905, sem og reglum þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Kröfu sína um málskostnað byggja stefnendur á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. aðallega 129. og 130. gr. Um varnarþing er vísað til 34. gr. laga nr. 91/1991.

Um aðild sóknarmegin að máli þessu er vísað til 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um aðild varnarmegin er vísað til 19. gr. laga 91/1991. Kveða stefnendur að stefndu í þessu máli séu allir þinglýstir eigendur lóða og jarða sem liggja að eignarlandi stefnenda jörðinni Selsundi á hinu umdeilda svæði. Stefnda Birni Þorgrímssyni sé stefnt til réttargæslu í máli þessu. Samkvæmt veðbandayfirliti sé hann kaupsamningshafi að lóð LH-16, en þinglýst eignarheimild hans beri þó heitið afsal, en efni skjalsins segi ýmist afsal eða kaupsamningur. Þinglýstur afsalshafi sé stefnda Ás 10 ehf.

### Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu byggja kröfu sína um frávísun á því að dómur í máli nr. E-189/2010 hafi haft bindandi réttaráhrif um kröfur sem stefnendur gerðu í dómsmálinu og geri nú á nýjan leik í máli þessu á hendur eigendum Svínhaga og landsspildna úr jörðinni.

Frávísunarkrafa stefndu grundvallast á því að með uppkvaðningu héraðsdóms í máli nr. E-189/2010 sem stefnendur hafi kosið að áfrýja ekki til Hæstaréttar hafi verið kveðið á um þær kröfur sem stefnendur gera nú í máli þessu með bindandi hætti. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sé dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem að lögum koma í þeirra stað um þær kröfur sem þar eru dæmdar að efni til. Hin svokölluðu neikvæðu réttaráhrif dómsúrlausna séu metin út frá þeim kröfum sem hafi verið gerðar í fyrra dómsmáli, svo og málsgrundvelli, málsatvikum og þeim málsástæðum sem haldið sé fram í síðara máli.

Í fyrsta lagi byggja stefnendur á að dómkröfur stefnenda séu sömu kröfur og hafðar voru uppi af þeirra hálfu í dómsmáli nr. E-189/2010 og þar með sé um að ræða sama málsgrundvöll og í hinu eldra máli.

Hnit Illadýs	Dómkröfur 2010	Dómkröfur 2016	Mismunur
	450876,53 m	450877,70 m	1,17 m
	383112,54 m	383109,84 m	2,7 m

Í forsendum héraðsdóms í framangreindum dómi segi að „óvissa um staðsetningu Illadýs, þó ekki sé nema sem nemur nokkrum metrum varði miklu um legu landamerkja milli jarðanna [...]“. Telja stefndu að tilfærsla á kröfulínu stefnenda frá því sem var í dómsmáli nr. E-189/2010 sé fjarri því að vera með þeim hætti að hún geti talist ný dómkrafa.

Í öðru lagi byggja stefndu á því að stefnendur tefli fram sömu málsástæðum í stefnu sinni og gert var í dómsmáli nr. E-189/2010 þrátt fyrir að lögð hafi verið fram tiltekin ný gögn af þeirra hálfu. Í stefnu komi fram að hinar meintu nýju málsástæður stefnenda grundvallast á annars vegar úttekt Ríkiskaupa á Svínhaga og hins vegar korti Landgræðslu ríkisins af jörðinni. Stefndu byggja á því að framangreind gögn hafi enga þýðingu í máli þessu. Úttektin sé ekki undirrituð af þáverandi eiganda Svínhaga. Þá liggja ekkert fyrir um að efni umræddrar skýrslu styðji við kröfur eigenda Selsunds. Í úttektinni sé vísað til uppdráttar Landgræðslu ríkisins sem sé óhnitsett og óskýrt. Hann sé ekki undirritaður af eigendum Svínhaga

og hafi ekki verið þinglýst. Í kaupsamningum og afsölum um Svínhaga sé hvergi vísað til uppdráttarins en vísað á hinn bóginn til landamerkjaskrár Rangárvallasýslu. Í bréfi lögmanns eigenda Selsunds til lögmanns eigenda Svínhaga, dags. 21. janúar 2005, og sem hafi einnig verið lagt fram í dómsmáli nr. E-189/2010 segir:

„Að því er landamerkin varðar þá hafa umbjóðendur mínir ávallt staðið í þeirri trú að Illadý liggja sunnar en sýnt er á þeim uppdráttum sem fylgdu með bréfi þínu, dags. 4. janúar síðastliðinn. Bera þau fyrir sig ummæli bónda nokkurs, sem bjó í Svínhaga fyrir árið 1940, auk þess sem Sverrir Runólfsson landgræðslustjóri hafi staðfest við þau að Illadý væri á þeim stað sem Svínhagabóndinn sagði þeim að það væri.“

Á korti Landgræðslu ríkisins af jörðinni komi fram að landamerki séu merkt inn skv. korti Ingólfs Einarssonar. Veki það athygli að stefnendur byggja á að kortið hafi þýðingu fyrir málið og geti talist nýtt gagn þar sem eigendur Svínhaga hafi byggt á korti eftir Ingólf í dómsmáli nr. E-189/2010. Telja stefndu að af framangreindu leiði að stefndu hafi þá þegar fyrir dómsmál nr. E-189/2010 verið kunnugt um meinta afstöðu Landgræðslunnar til landamerkja milli Svínhaga og Selsunds. Geti stefnendur því ekki borið fyrir sig að kortið hafi úrslitaþýðingu í málinu. Stefndu mótmæla því einnig að uppfært Landgræðslukort hafi þýðingu í máli þessu. Ekki hafi verið sýnt fram á að þegar Landgræðslukortið hafi verið gert upphaflega hafi það verið hnitsett. Sé því óljóst hvaðan hnitin komi. Landgræðslan eigi enga aðild að þessum ágreiningi um landamerki. Sé því kortið einhliða gert af þeirra hálfu. Þá sé ljóst að hin meintu „nýju gögn“ sem lögð séu fram í máli þessu stafi frá árinu 2001 og hafi því verið til þegar stefnendur hafi höfðað dómsmálin á árunum 2009 og 2010. Stefndu eigi ekki að þurfa að bera hallann af yfirsjónum stefnenda.

Í þriðja lagi byggja stefndu á því að ef talið verði að um nýjar málsástæður af hálfu stefnenda sé að ræða að þær komist ekki að í hinu nýja dómsmáli, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Stefndu eigi ekki að þurfa að sæta endurteknum málaferlum vegna þess hve illa hafi verið vandað til málatilbúnaðar eða í hvert sinn sem stefnendur finni upp á nýrri málsástæðu.

Stefndi, ÁS 10 byggir frávísunarkröfu sína einnig á því að það hefði borið að stefna réttargæslustefnda, Birni Þorgrímssyni, til fullrar aðildar vegna lóðarinnar SH-16. Björn sé núverandi eigandi SH-16 en ekki Ás-10 ehf. líkt og tilgreint sé í stefnu málsins. Beri því að vísa frá dómi þeim dómkröfum er snúi að SH-16 gagnvart Ás-10 ehf.

Telja stefndu, með vísan til framangreinds, að beri að vísa málinu frá dómi, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## Forsendur og niðurstaða

Eins og að framan greinir snýst ágreiningur aðila í máli þessu raunverulega um það hvar svonefnt Illadý sé staðsett, en það ræður mörkum landa stefnenda og stefndu. Byggja stefnendur á því að Illadý sé í dýji nokkru sem sjá má á myndum sem lagðar hafa verið fram í málinu og er Illadý hnitsett í dýi þessu í stefnukröfum. Var Illadý líka staðsett í dýi þessu í hinu fyrra máli. Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefndu kom fram að flatarmál þess dýs, sem stefnendur miða við, væri á að giska samsvarandi flatarmáli þess dómsalar sem málflutningurinn fór fram í. Stefndu hins vegar hafa byggt og byggja á því að Illadý sé á allt öðrum stað og fjarri margumræddu dýi. Ekki er ágreiningur í málinu um aðra merkipunkta en Illadý. Sakarefnið er því hvar Illadý er staðsett. Fyrir liggur að þó svo að kröfulínupunktur þessa máls séu færri en í hinu fyrra máli þá hefur það ekki áhrif þar sem þeir kröfulínupunktur í hinu fyrra máli, sem ekki eru í þessu máli, lágu í beinni línu og breyttu ekki legu línunnar annars vegar úr Geldingabæli í Illadý og hins vegar úr Illadýi í Kanastaðabotna.

Í 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir að krafa „sem hefur verið dæmd að efni til verður ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framfar en segir í lögum þessum. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi.“

Það er álit dómsins að þrátt fyrir að í dómkröfum stefnenda hafi hnitsetningu Illadýs verið breytt smávægilega frá því sem var í dómkröfum hins fyrra dómsmáls, þá sé í raun um að ræða sömu kröfu og sama sakarefni og sem dæmt var í hinu fyrra máli, en eins og áður segir er hið raunverulega sakarefni það hvort Illadý sé í dýi því sem sjá má á framlögðum myndum í málinu, sem er tiltölulega fáir fermetrar að flatarmáli, eða hvort það sé allt annars staðar svo sem stefndu halda fram. Um þetta var dæmt í hinu fyrra máli.

Verður af þessum sökum að vísa málinu frá dómi skv. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Þrátt fyrir þetta þykir rétt að hver beri sinn kostnað af málinu.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

## Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður G. Gíslason